

198. fundur hafnarstjórnar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 11. maí 2018 og
hófst hann kl. 12:00.

Fundinn sátu:

Kristján Andri Guðjónsson formaður, Jóna Benediktsdóttir varaformaður, Hafdís Gunnarsdóttir aðalmaður, Valur Sæþór Valgeirsson varamaður, Arna Ýr Kristinsdóttir varamaður og Marzellíus Sveinbjörnsson áheyrnarfulltrúi.

Embættismenn:

Guðmundur M Kristjánsson, hafnarstjóri, Hálfán Bjarki Hálfánsson, upplýsingafulltrúi og Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Hálfán Bjarki Hálfánsson, upplýsingafulltrúi.

Dagskrá:

1. Rekstur landamærastöðvar á Ísafirði vegna innflutnings á dýraafurðum frá ríkjum utan EES - 2017030072

Fyrir fundinum liggur bréf frá Margréti Bragadóttur hjá Matvælastofnun til Vestra ehf frystigeymslu, dagsett 18. apríl 2018 er varðar lokun landamærastöðvar á Ísafirði.

Lagt fram til kynningar.

2. Ársreikningur Hafnasambands Íslands fyrir árið 2017 - 2017020060

Fyrir fundinum liggur ársreikningur Hafnasambands Íslands fyrir árið 2017.

Lagt fram til kynningar.

Jóna Benediktsdóttir mætir til fundar undir þessum lið klukkan 12.30.

3. Minnisblöð hafnarstjóra um salernismál - 2017030024

Lögð fram minnisblöð hafnarstjóra dagsett 8. maí sl., vegna salernismála í Ísafjarðarkirkju og á íþróttasvæðinu á Torfnesi.

Hafnarstjórn samþykkir að fjármagna í tilraunaskyni starfsmann í sumar sem nýtist við móttöku farþega skemmtiferðaskipa.

4. Hafnasamband Íslands - fundargerðar 402. og 403. fundar stjórnar. - 2017020060

Lagðar fram fundargerðir 402. og 403. funda stjórnar Hafnasambands Íslands, sem haldnir voru 19. mars og 23. apríl sl.

Lagt fram til kynningar.

5. Mávagarður Viðlegustöpull - 2016120059

Lögð er fram fundargerð fyrsta verkfundar sem haldinn var 7. maí 2018.

Lagt fram til kynningar.

6. Ráðstefnan Cruise Europe 2018 - 2017030024

Kristján Andri Guðjónsson, formaður hafnarstjórnar, segir frá ráðstefnunni Cruise Europe, sem haldin var í lok apríl.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:05

Kristján Andri Guðjónsson

Jóna Benediktsdóttir

Hafdís Gunnarsdóttir

Valur Sæþór Valgeirsson

Arna Ýr Kristinsdóttir

Marzellíus Sveinbjörnsson

Guðmundur M Kristjánsson

Hálfván Bjarki Hálfvánsson

Gísli Halldór Halldórsson